

PÁLMOHOLT

efra og neðra hús



Foreldrahandbók 2018-2019



INNGANGUR

Ágætu foreldrar!

Þessi handbók er ætlað að auðvelda ykkur aðlögun að leikskólanum Pálmholti. Í henni er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi og skipulag leikskólans.

Mikilvægt er að foreldrar kynni sér allar upplýsingar vel. Við vonum að leikskóladvöl barnanna verði öllum farsæl og ánægjuleg og væntum góðs samstarfs.

Með bestu kveðju.

Starfsfólk Pálmholts.

Opnunartími 7.45 til 16.15

Pálmholt sími 462-6602

netfang: palmholt@akureyri.is

netslóð: [www. palmholt.is](http://www.palmholt.is)

Sími á deildum:

Asparholt: 4613971

Víðiholt: 4613973

Greniholt: 4626607

Birkiholt: 4626608

Furuholt: 4626619

Einkunarorð okkar í Pálmholti eru:

Gleði - Traust - Virðing

Skólastjóri

Drífa Þórarinsdóttir

Aðstoðarskólastjóri

Áslaug Ágústa Magnúsdóttir

Sérkennslustjóri

Gunnlaug E. Friðriksdóttir

Deildarstjórar

Ingibjörg Þuríður Stefánsdóttir, Víðiholti

Hafdís Ólafsdóttir, Birkiholti

Heiðís Björk Karlsdóttir, Asparholti

Hulda Ósk Harðardóttir, Greniholti

Ólöf Pálmadóttir, Furuholti

Eldhús

Sigurlaug Anna Tobíasardóttir, matráður

Lilja Björk Jósepsdóttir, aðstoðarmatráður í neðra húsi

Bjargey Einarisdóttir, aðstoðarmatráður í efra húsi

Starfsfólk á deildum

Sjá á heimasíðu skólans

Saga Pálmholts

Gamla Pálmholt (efra hús) var vígt þann 11. júní 1950. Það var kvenfélagið Hlíf sem stóð að byggingu og rekstri Pálmholts sem var rekið sem sumardvalarheimili í nágrenni bæjarins allt til ársins 1971.

Nafnið Pálmholt er þannig tilkomið að kona að nafni Gunnhildur Ryel gaf land er hún átti undir reksturinn og að hennar ósk var heimilið nefnt Pálmholt en svo hét æskuheimili Gunnhildar í Arnarneshreppi.

Þess má geta að Pálmholt er elsti leikskóli landsins utan höfuðborgarsvæðisins.

Í fyrstu var aðeins austasti hlutinn byggður og var heimilið ætlað fyrir 50 börn en 1954 var byggður leikskáli (Lyngholt) við það svo börnin gætu leikið sér undir þaki þegar illa viðraði. Síðar eða 1958 var byggður síðasti áfangi hússins (vestur álman, Víðiholt) og eftir það fór barnafjöldi yfir 100 börn þegar flest var. Engin deildarskipting var. Garðurinn var mjög stór og náði alveg niður að Þingvallastræti. Klukkan 9.00 á morgnana var börnunum safnað í rútu víðsvegar um bæinn og þau flutt í Pálmholt og skilað aftur kl. 18.00. Margir bæjarbúar eiga eflaust ljúfsárar minningar frá þessum rútuferðum og dvölinni í Pálmholti. Heimilið var umdeilt í fyrstu en fljótlega fóru að myndast biðlistar.

Árið 1971 gáfu Hlífarkonur Akureyrarbæ þetta „óskabarn sitt“ og tók bærinn við rekstri Pálmholts og starfrækti þá heimilið allt árið. Þá voru 70 börn 2-6 ára í Pálmholti á tveim deildum.

Sama húsnæði hefur verið notað frá upphafi, aðeins gerðar nauðsynlegar breytingar og endurbætur. Garðurinn minnkaði allmikið 1985 þegar leikskólinn Flúðir var byggður á sömu lóð og árið 2002 fékk leikskólinn viðbótar húsnæði með tilkomu lausrar kennslustofu á planinu. Þar eru nú skrifstofur skólastjórnenda og viðtalsherbergi og ber það hús nafnið Sjónarhóll.

Frá 1976 hafa nokkrar breytingar átt sér stað hvað varðar fjölda barna og deilda, ýmist 2 eða 3 deildir og fjöldi barna frá 70 niður í 34. Sömuleiðis hefur mikill fjöldi starfsmanna komið við á Pálmholti þessi ár og margir forstöðumenn/leikskólastjórar.

Saga Flúða

Leikskólinn Flúðir tók til starfa í desember 1985 og var þá þriggja deilda. Árið 1996 var kjallara hússins breytt og 1. september sama ár var opnuð ný deild og leikskólinn þá orðinn fjögurra deilda. 15. október 2000 var tekin í notkun laus kennslustofa við leikskólann og bættist þá við fimmta deildin. 1. ágúst 2009 var þeirri kennslustofu lokað og breytt í starfsmannaaðstöðu sem enn þann dag í dag er notað sem vinnuástaða fyrir kennara. Húsið ber nafið Ólátagarður. 1. ágúst 2009 var Risaland lagt niður sem sér deild og deildirnar orðnar þrjár, Furuholt, Birkiholt og Greniholt. Þar sem Risaland var áður er nú listasmíðja.

Saga sameinaðra leikskóla Flúða og Pálmholts

Pálmholt efra og neðra hús

1. ágúst 2012 var nýr sameinaður skóli formlega stofnaður. Þessir tveir skólar voru sameinaðir undir heitinu Pálmholt haustið 2012 og er húsnæði þeirra sundurgreint eftir staðsetningu í landslaginu þ.e. efra hús og neðra hús. Fyrsta árið eftir sameiningu urðu engar stórar breytingar. Árið var notað til að finna þá leið sem fara átti í sameiningunni. Allir starfsmenn fengu að koma með sínar hugmyndir af leiðum með einstaklingsviðtölum og í hópavinnu. Stofnaður var stýrihópur sem í voru fulltrúar kennara einn úr hvoru húsi, fulltrúar foreldra einn úr hvoru húsi, fulltrúi frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri ásamt skólástjóra og aðstoðarskólástjóra. Hlutverk stýrihópsins var að vinna úr hugmyndum starfsmanna, reynslu annarra sem höfðu farið í gegnum sameiningarferli og fullmóta leiðina sem farin var ásamt því að kynna hana fyrir starfsmannahópnum og foreldrum. Eins og gefur að skilja urðu breytingar með sameiningu og voru helstu breytingarnar þær að aldursskipta húsunum, hafa yngstu börnin í efra húsinu og eldri börnin í neðra húsinu. Reynt verður að hafa aldursskiptar deildir og hafa góða samvinnu á milli húsa svo að aldursblöndun verði annars lagið t.d. með því að eldri börnin fari í heimsókn í efra hús til að aðstoða yngstu börnin við að klæða sig o.þ.h. og yngstu börnin koma í heimsókn í neðra húsið. Allir starfsmenn fengu að koma með ósk um þann aldur sem þeir vildu starfa með en ómögulegt var að koma til móts við óskir allra. Starfsmönnum úr báðum húsum var blandað til að sú þekking og reynsla sem var gríðarlega mikil fegni að njóta sín sem víðast. Alls eru fimm deildir í leikskólanum, þær voru sex. Þrjár deildir í neðra húsi, Furuholt, Birkiholt, Greniholt og tvær deildir í efra húsi, Víðiholt og Asparholt. Starfsmannaaðstaða er í lausum kennslustofum við bæði húsin. Húsið við neðra hús heitir Ólátagarður og er vinnuaðstaða kennara, sérkennslustjóra aðstaða ásamt fundaraðstöðu. Lausa kennslustofan við efra húsið heitir Sjónarhóll og eru skrifstofur skólástjórnenda staðsettar þar ásamt fundaraðstöðu og samtalsherbergi. Annað árið í sameiningunni var því notað til að láta alla þá miklu faglegu þekkingu og reynslu kennara af skólastarfi flæða um allar deildir og samræma hinar ýmsu hefðir og venjur sem fyrir voru í báðum húsum. Hægt er að lesa meira um sameingarferlið í greinargerð sem er á heimasíðu skólans.

AFMÆLI PÁLMOHOLTS ER 16.JÚNÍ

Lög um leikskóla frá 2008

“Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi”.

Markmið í lögum um leikskóla 2. grein.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitafélaga, en fagleg yfirstjórn er í höndum menntamálaráðuneytis.

Aðalnámskrá leikskóla

Starfað er samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011.

Með setningu nýrra laga árið 2008 um leikskóla (nr. 90/2008) hefur verið unnið að innleiðingu þeirrar menntastefnu sem þar er mörkuð. Undirstöðuatriði í þeirri vinnu er gerð aðalnámskrár. Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum. Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum, skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla.

Skólafélag Akureyrarbæjar

Skólafélag Akureyrar sem gildir fyrir leik- grunn- og tónlistarskóla var samþykkt á fundi bæjarstjórnar í maí 2005 og gefin út í maí 2006. Unnið er að endurgerð hennar. Grunn að stefnunni vann skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri sem setti á fót rýnihópa. Þeirra tillögur voru lagðar fyrir Skólanefnd Akureyrarbæjar og síðar fyrir kennara, starfsfólk og foreldra. Stefnan er því afrakstur allra þeirra sem fengu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að. Í skólafélagi Akureyrar er megin áhersla lögð á **þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan**.

Í góðum leikskóla eru meðal annars:

- fagleg vinnubrögð í fyrirrúmi
- skipulag sem setur hagsmuni nemenda í öndvegi
- skólastarfið unnið í samráði við foreldra
- starfið sveigjanlegt og náms- og kennsluhættir fjölbreyttir.

Sérstakar áherslur í skólastarfi Pálmholts

- **SMT- styðjandi skólafærni**
- **Lestrarhvetjandi umhverfi og stærðfræði**
- **Umhverfismennt**
- **Leikurinn og styrking sjálfsmyndar**

Að auki er markmið Pálmholts að öllum börnum líði vel, meðal annars með því að byggja upp og viðhalda góðum samskiptum við foreldra, samstarfsfólk og börn og með því að stuðla að vináttu, bæði meðal starfsmanna og í barnahópnum. Lögð er áhersla á virðingu fyrir hverju barni og að mæta því þar sem það er stöð í þroska. Þá er hreyfing, heilbrigði og hollusta höfð í hávegum og mikil virðing fyrir fæðuhringnum.

SMT - styðjandi skólafærni.

Í Pálmholti störfum við eftir SMT - skólafærni (School management training) eða jákvæðum stuðningi við hegðun nemenda. SMT - skólafærni er útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support /PBS. SMT er hliðstæð aðferð og PMT - foreldrafærni (Parent management training) þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna

fyrir æskilega hegðun og samræma vinnubrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Við skólann er starfandi SMT-skólafærni teymi sem vinnur ötulega að því að allir temji sér notkun á SMT-skólafærninni. Teymið hittist mánaðarlega og fer yfir hvernig gangi og fer yfir SMT-skólafærni vinnu hvers mánaðar fyrir sig. Mjög vel hefur gengið að vinna eftir SMT-skólafærni og hefur skólinn komið mjög vel út úr mati á notkun SMT-skólafærni í daglegu starfi.

Lestrarnám í leikskóla.

Í september 2000 til júní 2002 var í Pálmholti (efra húsi) unnið þróunarverkefnið „Lestrarnám í leikskóla“. Verkefni var styrkt af þróunarsjóði grunn- og leikskóla Akureyrar og Menntamálaráðuneytinu. Markmið með verkefninu var að gera markvissa tilraun með lestrarkennslu í leikskóla. Þróunarstarfinu var ætlað að leiða til:

- aukinnar þekkingar á forsendum leikskólabarna til lestrarnáms
- aukinnar þekkingar aðferðum/vinnubrögðum við lestrarkennslu þeirra
- nánari útfærslu á lestrarkennslustarfi með 5 ára börnum síðasta árið þeirra í leikskólanum.

Flúðir unnu þróunarverkefnið “Bernskulæsi” í samstarfi við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri árið 2006-2007. Út frá hugmyndafræði um lestur á grunni máls og þróun hans allt frá fæðingu varð til hugtakið bernskulæsi (emergent literacy). Bernskulæsi vísar til lestrarhegðunar barns áður en formleg lestrarkennsla hefst (Halldóra Haraldsdóttir, Rósa Eggertsdóttir 2007). Það er skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Börnin byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmál og í málhvetjandi samskiptum og umhverfi við aðstæður sem eru lausar við gagnrýni. Þrátt fyrir að börn á leikskólaaldri verði ekki öll læs í hefðbundnum skilningi þróast tileinkun þeirra í þá átt jafnt og þétt allan leikskólaaldurinn. Þannig er grunnur að síðari lestrarfærni lagður á heimilum og í leikskóla. Því auðugri sem reynslan er þeim meiri bakgrunnsþekkingu bera börnin með sér í grunnskólann og sum börn læra að lesa í leikskóla og í hvetjandi heimilisaðstæðum án þess að formleg lestrarkennsla hafi átt sér stað. Rannsóknir sýna að stór hluti leikskólabarna er kominn vel á veg með lestrarnám á lokaári í leikskóla og hefur komist þangað að mestu án stuðnings eða markvissrar örvunar. Því er mikilvægt aðstoð þau börn sem ekki læra lesturinn „sjálfkrafa“ á meðan þau eru enn á mesta næmiskeiði fyrir mál og málhljóð - þ. e. á aldrinum þriggja til fimm ára?

Verkefnið litar starfsemi leikskólans. Letur er haft mjög sýnilegt og flestir hlutir merktir. Við höfum þær upplýsingar sem börnin geta nýtt sér í þeirra augnhæð, notum spil og leiki sem stuðla að hljóðgreiningu en sú færni er mikilvæg þegar kemur að því að læra að lesa. Læsi verður gert enn hærra undir höfði á komandi vetri og tekur þátt í átaki Akureyrarbæjar „litbrigði læsis-læsi er lykillinn.“

Læsi litar allt starf skólans og kennslufnið Lubbi finnur málbein er notað á öllum deildum.

Stærðfræði í leikskóla

Haustið 2016 lögðu Leikskólinn Pálmholt á Akureyri og þýðendur norska skimunarefnisins *MIO – Matematikken – Individet – Omgivelsene* (upphafsstafir mynda orðið MIO) af stað í þróunarverkefni með stuðningi frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Þróunarverkefnið *MÍÓ – skimun í stærðfræði fyrir börn*, snérist um að þýða og staðla norska skimunarefnið MIO. Efnið var fyrst gefið út í Noregi 2008 og var unnið í samstarfi Forum for matematikkmestring við SØrlandet Kompetansesenter og Senter for atferdsforskning við Háskólann í Stavanger. Efnið er handbók fyrir kennara og skráningarblöð sem fylgja börnunum frá fyrstu skráningu til loka skráningar. Öll leyfi fyrir þýðingu, staðfærslu og notkun mynda var fengið árið 2015 hjá útgefendum og teiknara. Þýðendur völdu nafnið *MÍÓ Stærðfræðin – Einstaklingurinn – Aðstæðurnar* á íslensku útgáfuna. Nafnið MÍÓ hefur því skýrskotun til frumefnisins en byggir ekki á hugmyndinni um að mynda nafnið með upphafsstöfum undirheitis eins og frumútgáfan gerir. Þýðendur efnisins eru Dóróþea Reimarsdóttir M.Ed, Jóhanna Skaftadóttir kennari og Þóra Rósa Geirsdóttir M.Ed.

Markmið þróunarverkefnisins var tvíþætt. Í fyrsta lagi sá hluti sem snéri beint að leikskólanum, börnunum og kennurunum:

- a. Að efla þekkingu starfsmanna leikskólans á rökhugsun, talnaskilningi og rýmisvitund barna í þeim tilgangi að bæta námsaðstæður leikskólans á því sviði.
- b. Að skima nemendur með skráningarlista MÍÓ sem var í þýðingu og staðfæringu.

Í öðru lagi var markmið verkefnisins að staðfæra og þýða skimunartækið. Með þátttöku kennaranna var lagt upp með að tækið yrði aðlagð vel að íslenskum

veruleika og mótaðar hugmyndir að góðri leið við skimun sem henta aðstæðum í íslenskum leikskólum.

Skimunarefni og fræðsla.

Skimunarefninu er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna á sviði stærðfræðinnar, mæta þeim þar sem þau standa og finna þau börn sem þurfa frekari athygli og tækifæri til að vinna með þá þætti sem tengjast stærðfræðinámi þeirra.

Yfirlit yfir svið og þætti:

	Þættir
Þrautalausnir	Tungumál stærðfræðinnar Rökhugsun
Rúmfræði	Form og staðsetning Mynstur og röðun
Talning og fjöldi	Tölustafir, talnaröð og talning Fjöldi

Þetta þróunarverkefni tókst mjög vel og er notað í starfinu.

Umhverfisvernd—Grænfáni Landverndar

Á vordögum 2005 í efra húsi en árið 2007 í neðra húsi var ákveðið að leggja aukna áherslu á umhverfisvernd og stefnan tekin á það að sækja um Grænfána Landverndar í júní 2007 í efra húsi en í júní 2009 í neðra húsi. Þá var farið út í ákveðið ferli, stofnuð var umhverfisnefnd í leikskólanum og fara þurfti í gegnum 7 þrep Landverndar í átt að fánanum eftirsóttá. Einn áfanginn var að komast á Græna grein og það náðist vorið 2006 í efra húsi en 2008 í neðra húsi. Börnin hafa farið í gegnum fræðslu um nýtingu og endurvinnslu, hverju er hægt að skila aftur til jarðarinnar og er samstarf við svínabónda sem gefur svínunum sínum þá

matarafganga sem börnin hafa safnað handa þeim. Mikil áhersla er lögð á umhverfismennt í öllu starfi skólans og eitt af því sem við vinnu eftir er umhverfissáttmálinn sem allir komu sér saman um og hljóðar svo: **Við viljum fara vel með jörðina okkar. Þess vegna viljum við auka umhverfisfræðslu og ganga vel um náttúruna. Við viljum leitast við að auka nægjusemi og nýta betur það sem jörðin gefur af sér. Einnig að skila henni til baka öllu því sem hægt er með því að flokka, endurnýta, spara orku og draga úr mengun.**“

Grænfáninn er veittur til tveggja ára í senn. Eftir þann tíma þarf skólinn að sýna fram á að hafa viðhaldið því sem hafði áunnist, ásamt því að bæta einhverju nýju við.

Pálmholt fékk endurnýjun á Grænfánanum í júní árið 2016 í fimmta sinn.

Frjálsi leikurinn

Innan veggja leikskólans er það leikurinn sem er í öndvegi, leikurinn er leið barnsins til þroska. Nám barnanna fer fram í gegnum leikinn. Börn eru í eðli sínu virk og það er hlutverk leikskólans að sjá til þess að þau geti fengið að njóta sín. Leikjum má skipta í fjóra flokka sem eru: a) Skynfæra og hreyfileikir b) Sköpunar og byggingaleikir, c) Þykjustu- og hlutverkaleikir, d) Regluleikir eða leikir með leikreglum. Kennsla á öllum námssviðum fer fram í gegnum leikinn. Í Pálmholti er mikil áhersla lögð á leikinn sem reyna á að barnið skapi sjálf t.d. atburðarás (hlutverkaleikir), föndur, kubbaleiki, spil og úti- og hreyfileikir. Hlutverk starfsfólks er að fylgjast með, skrá og gera atferlisathuganir ásamt því að taka þátt í leiknum. Við leitumst við að hafa sem fjölbreyttastan efnivið í boði. **Val** er undirbúið „kerfi“ í frjálsa leiknum sem stuðlar að auknu sjálfstæði barnanna og möguleika fyrir þau til að ákveða hvað þau vilja gera og með hverjum þau vilja starfa. Valkerfið byggir á þeirri hugmynd að barnið læri af eigin áhugahvöt. Með því að börnin velji sjálf og eru hvött til að taka ábyrgð á eigin vali trúum við því að þau verði sjálfstæðari, virkari og ánægðari einstaklingar. Hægt er að hafa val fyrir alla eða hverja deild fyrir sig.

Uppbygging sterkrar sjálfsmyndar, Stig af stigi.

Möguleikar barna á að öðlast sterka sjálfsmynd felast að miklu leyti í því hvernig svörun þau fá við öllum sínum gjörðum og verkum. Einnig þurfa þau að fá tækifæri til skapandi myndlistar og annarra verkefna sem reyna á sköpunarmátt og tjáningu. Til að efla félags- og tilfinningaþroska barnanna er verið að nota kennsluefnið *Stig af*

stigi. Það stuðlar að því að börnin læri að sýna viðurkennda hegðun og að setja orð á tilfinningar sínar sem er einn liður í að læra að þekkja sjálfan sig og styrkja eigin sjálfsmynd.

Ýmsar upplýsingar.

Vistunartímar og innra skipulag.

Í Pálmholti eru rými fyrir 120-130 börn á 5 deildum, Furuholti, Birkiholti, Greniholti, Víðiholti og Asparholti. Börnunum er skipt á deildir eftir aldri en þó geta verið fleiri en einn árgangur á sömu deild. Hver deild skipuleggur starfið fyrir smærri hópa með sínum kennurum. Alls eru seldar um 1081 klst. á dag í Pálmholt en flest börnin eru í 8 klst. dvöl. Nokkur börn eru 5-7 klst. á dag. Lang flest börn mæta fyrir kl. 9:00 en fyrstu börnin fara heim upp úr hádegi. Stöðugildi í Pálmholti eru um 30 þ.e. kennarar, matráðar, skólastjórar, sérkennslustjóri og afleysingar. Lögð er áhersla á að allir vinni sem ein heild og mikill samgangur er á milli deilda, húsa og við eldhús. Í ákveðnum vinnustundum dreifast börnin um húsið án tillits til deildaskiptinga og útivera er oft tvískipt.

Almennar atferlisathuganir/skráningar.

Til að fylgjast með þroska og líðan hvers barns hafa kennarar möguleika á að gera atferlis-athuganir eða skráningar á hegðun barna til þess að athuga markvisst hvernig þroska þeirra og samskiptum innan deildar er háttað. Skráningar geta verið skriflegar, hljóðritaðar eða myndrænar og framkvæmd fléttast inn í daglegt starf kennarans. Niðurstöður úr þeim athugunum er beinast sérstaklega að einstökum börnum eru kynntar foreldrum þeirra í foreldrasamtölum. Niðurstöður athugana sem gerðar eru af barnahópnum í heild og/eða samskiptum á deild eru varðveittar í læstri geymslu þar til þeim er eytt. Ekki er heimilt að afhenda skráðar upplýsingar um börn í leikskólum Akureyrar öðrum en foreldrum, nema með skriflegu leyfi þeirra.

Sértækar athuganir.

Ef af einhverjum ástæðum er þörf á sértækum athugunum á barni t.d. vegna gruns um seinkaðan þroska eða hegðunarfrávika, er foreldrum þess barns kynnt það

sérstaklega og heimild fengin til að gera þær athuganir sem þurfa þykir. Niðurstöður eru kynntar foreldrum þess barns sérstaklega og í samráði og með samþykki þeirra leitað leiða til að aðstoða barnið. Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 65% stöðu og hann hefur yfirumsjón með öllum málum sem tengjast sértækum athugunum.

Samverustundir og hvíld.

Í samverustundum gefst börnum og stafmanni tækifæri til að eiga saman notalega stund í ró og næði og gleðjast með öðrum. Þá er hægt að lesa, syngja og spjalla saman um það sem vekur áhuga hverju sinni eða mikilvægt er að koma á framfæri. Samverustund er oft góð hvíld. Í samverustund gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna með því að þjálfva þau í að koma fram fyrir hópinn. Söngur og lestur góðra bóka eru mikilvægir þættir í lestrarhvetjandi umhverfi. Öll börn hvílast eftir hádegi en fyrirkomulag er breytilegt eftir aldri og aðstæðum.

Hópastarf.

Megin tilgangur og markmið með hópastarfi er þessi:

- Í gegnum hópastarfið stuðlum við að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru.
- Barnið myndar tengsl við jafningja sína og lærir að vinna og leika sér í hóp.
- Barnið lærir að vinna með fjölbreytileg efni og öðlast þannig dýrmæta reynslu og þekkingu sem er liður í uppbyggingu sjálfsmyndar.
- Hópastarf auðveldar umsjónarkennurum að fylgjast náið með þroska og getu hvers barns og að hafa heildarsýn yfir hópinn.

Hópastarf stendur í 1 klst til 2 klst eftir aldri og þroska barnanna og fer fram tvisvar til fjórum sinnum í viku.

Námskrá árganga.

Unnið er með hverjum árgangi samkvæmt námskrá sem sniðin er að þörfum og sérstöðu hvers aldurshóps. Sjá skólanámskrá Pálmholts og starfsáætlanir deilda. Sem dæmi má nefna að alltaf er byrjað á að vinna með sjálfið, barnið sjálft með yngstu börnunum og síðan víkkar þekking barnanna stig af stigi og færast yfir á fjölskyldu, nánasta umhverfi og samfélag með einum og öðrum hætti sem hver deild tekur ákvörðun um.

Skólasamningur.

Við upphaf leikskólagöngu barns undirrita foreldrar og skólastjóri skólasamning sem er þeirra skuldbinding við þau ákvæði sem þar eru skráð. Sá samningur er varðveittur hjá skólastjóra en fer síðar á skjalasafn Akureyrarbæjar.

Starfsdagar/skipulagsdagar.

Stafsfolk í leikskólum Akureyrarbæjar hefur rétt á að vera með lokað í 48 klukkustundir á ári. Þessar klukkustundir eru notaðar til fræðslu, skipulags og undirbúnings á kennslu í skólanum ásamt endurmati á því starfi sem unnið hefur verið. Misjafnt er hvort lokar kl. 12 á hádegi eða opnar ekki fyrr en kl. 12 á hádegi. Þegar skólinn opnar kl. 12 er ekki hádegismatur í skólanum þann dag og þurfa börnin því að vera búin að borða áður en þau koma í skólann. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að virða þennan tíma því fundir byrja hjá okkur kl. 12 eða enda kl. 12 á hádegi þessa daga. Reynt er að samræma lokunar dagar í leik- og grunnskólum á brekkunni eins og hægt er.

Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með góðum fyrirvara og hægt er að sjá þá á skóladagatali fyrir árið sem er að finna á heimasíðu skólans. Lokunardagar eru bornir undir foreldraráð skólans til samþykktar áður en endalegar dagsetningar eru settar á skóladagatalið sem skólanefnd þarf að samþykkja.

Leikskólagjöld.

Leikskólagjöld ber að greiða fyrirfram fyrir 15. hvers mánaðar og eru þau innheimt í heimabanka. **Sjá nánari um reglur í skólasamningi.**

Uppsagnafrestur - breytingar.

Uppsagnafrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast hann við mánaðarmót eða 15. hvers mánaðar sem og breytingar á vistunartíma barna. **Sjá nánari reglur í skólasamningi.**

Yfirstjórn og ráðgjöf.

Fræðsluráð í umboði bæjarstjórnar Akureyrar fer með stjórn leikskólamála bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn lætur þau til sín taka.

Fræðslusvið Akureyrarbæjar fer með yfirstjórn leikskólanna, fjármál, áætlunargerð,

innritun barna, skipulagsmál og ráðgjöf. Fræðslustjóri er yfirmaður leikskólastjóra Akureyrarbæjar. Fræðslustjóri með aðsetur á Fræðslusviði er *Karl Frímannsson*. Verkefnastjóri leikskóla á Fræðslusviði er skólastjórur og starfsfólki leikskólanna faglegur ráðgjafi um kennslu, uppeldisstarf, rekstur og skipulag leikskóla. Foreldrar leikskólabarna getað leitað til hans með mál tengd börnum og leikskóladvöl þeirra. Verkefnastjóri leikskóla heitir *Erna Rós Ingvarsdóttir*.

Á Fræðslusviði starfar einnig leikskólaráðgjafi sem annast faglegt eftirlit og er starfsfólki faglegur ráðgjafi vegna barnahópsins og innra starfs leikskólans.

Leikskólaráðgjafi heitir *Sesselja Sigurðardóttir*.

Sýnist kennurum að loknum þeim athugunum sem hægt er að gera í leikskólanum, að um frávík í þroska einstakra barna sé að ræða, ber þeim að tilkynna það leikskólaráðgjafa vegna sérkennslu sem kemur þá til liðs við kennara. Þó er ekkert aðhafst án samráðs við foreldra. Leikskólaráðgjafi vegna sérkennslu heitir *Elva Haraldsdóttir*

Starfsfólk leikskóla.

Í lögum um leikskóla 12. gr. segir: „Leikskólastjóri og það starfslið er annast uppeldi og menntun barna skal hafa menntun leikskólakennara.”

Skólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra í fjarveru hans og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans og daglegri stjórnun skólans og skipulagningu.

Deildarstjórar stýra starfi á einstökum deildum.

Kennarar og annað starfsfólk vinnur á deildum að uppeldisstarfi með börnum.

Sérkennsluaðilar og sérkennslustjóri vinna að sérkennslu og stuðningi við einstök börn.

Starfsfólk leikskóla og Fræðslusviðs er bundið þagnarskyldu um öll trúnaðarmál svo og hagi einstakra barna og foreldra þeirra.

Tilkynningarskylda.

Í lögum um vernd barna og ungmenna frá 1992, 13 grein segir:

„Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum. Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í

starfi sínu var við óviðunandi misfellur í uppeldi og aðbúðaði barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart“. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti frammar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi stétta.

Trúnaður foreldra.

Í aðlögun dvelja foreldrar hér í leikskólanum í nokkra daga og bæði þá og í öðrum samskiptum við leikskólann koma þeir til með að sjá og heyra ýmislegt um hin börnin. Við óskum eftir að foreldrar sýni leikskólanum trúnað og ræði þau mál ekki út á við.

Að byrja í leikskóla - aðlögun.

Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks leikskóla er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu árangursrík og ánægjuleg. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast starfsfólki og börnum sem fyrir eru, læra að vera í hópi, hlíta reglum ofl. Það er einstaklingsbundið, hve langan tíma aðlögun tekur en gengið er út frá minnst 3 dögum. Í Pálmholti er þátttökuaðlögun en hún byggir á því að foreldri sér alfarið um barnið sitt þessa daga, starfsfólk er áhorfandi, fylgist með og lærir hvernig foreldri sinnir barninu sínu. Foreldrar eru þátttakendur í hópastarf, útiveru, matmálstíma ofl. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans ásamt því að foreldrahópurinn kynnist. Aðlögun kann að þurfa að endurtaka hafi barnið verið fjarverandi um lengri tíma. Við óskum eftir því að öll börn komi með lítið myndaalmbúm með myndum af sér, mömmu, pabba, afa, ömmu, systkinum og gæludýrum svo eitthvað sé nefnt. Einnig biðjum við um að börnin komi með lítið teppi og koddaver og er börnum líka boðið að koma með ákveðna tengihluti til að hafa hjá sér í leikskólanum.

Fjarvistir.

Foreldrum er skylt að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, símanúmer og breytta hjúskaparstöðu. Oft sýna börn tilfinningar og hegðun sem erfitt er að ráða í. Nákvæmar upplýsingar gera okkur kleift

að sýna barninu sérstaka tillitssemi þegar aðstæður gefa tilefni til. **Sjá nánar í skólasamningi.** Ef barnið vill ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita svo hægt sé að leita að orsökinni og finna leiðir til úrbóta. Ef aðrir en foreldrar sækja börnin er, af öryggisástæðum, nauðsynlegt að láta starfsfólk vita. Ef barn er fjarverandi frá leikskólanum fjórar vikur eða lengur samfellt geta foreldrar óskað eftir niðurfellingu á fæðisgjaldi á sérstöku eyðublaði, einnig þarf að tilkynna um fjarveruna. **Sjá nánar í skólasamningi.** Óski foreldrar eftir að barn taki frí í leikskólanum, fyrir utan sumarleyfi, er það að sjálfsögðu heimilt, enda greiðist fullt skólagjald barnsins.

Sumarleyfi.

Lokað er í leikskólanum vegna sumarleyfa fjórar vikur á sumri, tímasetning ákvarðast á hverju ári fyrir sig ýmist út frá könnun sem gerð er meðal foreldra og starfsfólks eða ákvörðunar Fræðsluráðs. Álitið er að öll börn, ekki síður en þeir fullorðnu, þurfi að hvíla sig á hinu venjubundna starfi í minnst fjórar vikur samfleytt á sumri. Engin leikskólagjöld eru innheimt í júlí.

Foreldrasamstarf.

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barnsins og starfsfólks þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk svo að öruggt sé að barnið sé í skólanum þegar foreldri ætlar að koma í skólann en ekki t.d. í vettvangsferð. Þeir eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi, foreldrasamtöl, á foreldrafundi o.s.frv.

Foreldrar þurfa að láta starfsfólk vita af sér þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt. Þetta er öryggisatriði fyrir barnið og starfsfólk. Foreldrum er velkomið að hringja í leikskólann til að spyrja um barnið og eins mun starfsfólk hringja ef þörf krefur. Foreldrum er boðið sérstaklega í leikskólann af ýmsum tilefnum, í september eru deildarkynningarfundir fyrir foreldra, nóvember: afa- og ömmukaffi, febrúar: foreldrakaffi, maí: vorboð þá er foreldrum boðið í kaffi og vöflur og afrakstur vetrarins sýndur.

LEIKURINN ER LÍFSTJÁNING, NÁM OG STARF

Dótadagur og aðrir uppákomudagar.

Alla föstudaga er efnt til tilbreytingar í dagskipulagi með sérstökum tiltækjum s.s. „dótadögum“ eða öðru skemmtilegu, sbr. mánaðardagatali hvernar deildar. Á dótadögum mega börnin koma með eitt eða tvö leikföng. Tekið skal fram að leikskólinn getur ekki borið ábyrgð á leikföngum barnanna og því er oft betra að geyma heima það sem er viðkvæmt eða dýrmætt. Munið að merkja leikföngin vel. Aðra daga á ekki að koma með leikföng nema um það sé samið t. d. vegna hvíldar.

„Litlu jóla“.

Fastur síður í Pálmholti er að halda „litlu jólin“ skömmu fyrir jóla þá. Við dönsuðum í kringum jólatré, fáum jólasvein í heimsókn sem færir börnunum litla pakka, (kostaða úr foreldrasjóði) og borðum jólamat.

Foreldrasamtöl.

Tvisvar sinnum á ári að hausti og vori (sjá nánar tímasetningar á skóladagatali) er foreldrum boðið í samtali þar sem rætt er um barnið, líðan þess og annað er viðkemur leikskólanum. Deildarstjórar og kennarar hafa umsjón með þessum samtölum sem tekin eru á haustin og vorin. Þá er m.a. farið yfir þroskálýsingar og atferlisathuganir. Við hvetjum ykkur til að óska eftir fleiri samtölum ef þið hafið þörf fyrir meiri upplýsingar eða viljið setjast niður með kennara barnsins ykkar.

Sveitaferð að vori.

Á hverju vori hefur verið farið í rútu út í sveit að skoða ungvíði og sjá vorið utanbæjar. Foreldrafélagið hefur í gegnum árin borgað rúttuna í sveitaferðina. Foreldrum hefur að sjálfsögðu verið velkomið að koma með. Samkvæmt reglugerð er okkur ekki heimilt að fara með börn undir 3ja ára í rútu. Því fara þau ekki með í sveitaferð en það er gerður dagamunur hjá þeim á annan hátt.

Foreldrafélag.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra í starfi leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Greitt er ákveðið félagsgjald og er sjóðurinn notaður fyrir öll börnin. Stjórn félagsins ákveður hverju sinni í hvað skal verja þessum peningum og oft eru keyptar leiksýningar, danskennsla, farið í skemmtiferðir, útvegaðir jólapakkar og fleira sem ekki er á fjárhagsáætlun leikskólans.

Lög Foreldrafélags Pálmholts

1. Nafn félagsins er Foreldrafélag Pálmholts.
2. Félagar eru allir foreldrar eða forráðamenn barna í Pálmholti.
3. Tilgangur félagsins er:
 - a) að vinna að velferðarmálum barna.
 - b) að auka samskipti og samstarf foreldra, barna og starfsfólks.
4. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, og skal skipa fimm manns til minnst eins árs í senn. Einn af hverri deild, einn starfsmaður og einn varamaður. Stjórnin skal halda félagsmannaskrá og virkja sem flesta til starfa.
5. Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert og skal til hans boðað með viku fyrirvara til þess að hann teljist löglegur.

Dagskrá fundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
 2. Reikningar félagsins.
 3. Kosning stjórnarmanna og varamanns.
 4. Ákvörðun árgjalds.
 5. Lagabreytingar.
 6. Önnur mál.
6. Árgjöld félagsins skulu ákveðin á aðalfundi, svo og tilhögun innheimtu þeirra.
 7. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.
 8. Sé aðalfundur illa sóttur getur stjórnin tilnefnt í stjórn eða boðað nýjan fund.

GOTT FORELDRAFÉLAG ER MIKILVÆGT OG KEMUR BÖRNUNUM TIL GÓÐA

Foreldraráð Pálmholts

Samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal skipa foreldraráð við

alla leikskóla. Foreldraráðið skal skipað þremur foreldrum að lágmarki. Kosning til foreldraráðs skal fara fram í september á hverju ári og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfi. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir **“foreldraráð”**

Viðbrögð við miklum veikindum starfsfólks Pálmholts

Ástæður

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið nokkrar, til dæmis vegna:

- Smits af influensu
- Annarra veikinda
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokunnar leikskóla og skóla

Aðgerðir:

Ef upp koma þær aðstæður í Pálmholti að fjarvera starfsmanna er það mikil að stjórnendur treysta sér ekki til að tryggja öryggi barna í skólanum miðað við starfsmannaafli þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða:

- Senda verður ákveðinn fjöldi barna heim úr skólanum.
- Haft verður samband við foreldra ákveðinna barnahópa og þessir foreldrar verða beðnir um að sækja börn sín strax í skólann.
- Öll börn skólans eru í ákveðnum hópum, s.k. hópastarfshópum og eru því ákveðnir hópastarfshópar sendir heim hvern dag sem ofangreint ástand varir. Séð verður til þess að hver hópastarfshópur fari 1x heim áður en aftur er haft samband við sama foreldrahóp. Reynt verður að horfa á systkini í skólanum, að þau séu ekki að fara sinn hvorn daginn heim.

Samskipti við foreldra

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Einnig verður sendur tölvupóstur í gegnum Mentor kerfið. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

Samskipti við Fræðsluviði.

Skólastjóri og/eða staðgenglar tilkynna Fræðsluviði um aðgerðir samkvæmt viðbragðsáætlun þessari.

Heimasíða

Haldið er úti heimasíðu Pálmholts þar sem finna má allar helstu upplýsingar hverju sinni. Uppfærsla heimasíðunnar er framkvæmd eftir efnum og aðstæðum. Síðast liðna tvo vetur hefur hver deild haldið úti síðu á Facebook þar sem myndir af börnunum í daglegu starfi og upplýsingar eru settar inn á síðuna, þó einnig eftir því sem tími og aðstæður leyfa. Almenn ánægja er með þetta fyrirkomulag og því halda deildir áfram að vera með sína síðu á Facebook þar til Mentor/Karellen verður komið í fullt gagn en Mentor/Karellen er í þróun í þá átt að hægt verði að vera með fréttaveitu og setja inn myndir úr starfinu líkt og á Facebook.

Ef foreldrar hafa á móti því að birtar verði myndir af þeirra börnum þurfa þeir að láta skólastjóra eða deildarstjóra vita af því. Foreldrar eru hvattir til að skoða síðuna reglulega. Með nýjum persónuverndarlögum þurfum við að feta nýjar leiðir sem við erum að þróa og þið fáid fréttir af nú á haustdögum.

Dagatal og fréttabréf

Um hver mánaðarmót gefur hver deild út dagatal næsta mánaðar. Að auki er gefið mánaðarlega út fréttabréf fyrir hverja deild þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í starfsemi leikskólans hverju sinni, skilaboð til foreldra og ýmislegt fleira gagnlegt. Öll þessi gögn eru send rafrænt frá skólanum á netföng foreldra. Í hverju fréttabréfi koma nokkrar línur um umhverfismennt til upplýsinga.

Afmælis dagar.

Þegar börnin eiga afmæli leggjum við okkur fram um að gera þeim daginn eins ánægjulegan og kostur er. Þann dag fær barnið að ráða ýmsu í dagskránni, t. d. varðandi lagaval í söngstundum og bækur í samverustund. Útbúin er kóróna með afmælikveðju frá börnum og starfsfólki. Í samverustund fær afmælisbarnið að setjast í hásæti og blása á kerti (hásætið og kertin eiga eingöngu við í neðra húsi). Í neðra húsi baka matráðar skúffuköku í enda hvers mánaðar og fá afmælisbörn mánaðarins

að aðstoða við að skreyta kökuna sem síðan er borin fram og snædd með öllum börnum og starfsfólki á viðkomandi deild. Í efra húsi er ekki boðið uppá afmælsköku því að í mörgum tilfellum eru börnin á þeim aldri ekki byrjuð að borða kökur. Í stað afmælsköku verður boðið upp á ávexti.

Útivera:

Útivera er alla daga. Hversu lengi börnin eru úti hverju sinni fer eftir veðri og vindum. Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rýsjótt en við því er ekkert að gera. Þess vegna er íslenskum börnum, frá blautu barnsbeini hollt að venjast veðráttunni eins og hún er því útivera er holl öllum heilbrigðum börnum.

Klæðnaður og fatahólf:

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur barninu. Í leikskólanum er hægt að fá eyðublað fyrir pöntun á handhægum merkiborðum til að merkja fatnað barnanna ásamt því að foreldrafélagið kaupir merkitússpenna sem er í fataherberjum á öllum deildum. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann og í lok hvers dags er mikilvægt að allur fatnaður og skór sem geymd eru á milli daga séu látin hanga í hólfum barnanna og skór settir upp í hillu. Öll börn fá taupoka frá foreldrafélaginu þegar þau byrja í Pálmholti til að nota undir óhreinan fatnað.

Fatahólf barnanna þarf að tæma á föstudögum.

MERKTUR FATNAÐUR SKILAR SÉR BEST

Hefðir og venjur í Pálmholti

Í desember, förum við í vettfangsferði líkt og aðra mánuði ársins með barnahópa, svo sem í Minjasafnskirkjuna, Holtið okkar góða með kakó, smákökur og njóta myrkursins. Höldum litlu jólin með jólaballi góðum mat og notalegri samveru. Við leitumst við að hafa desember notalegan, rólegan og gleðilegan mánuð.

Á þrettándanaum höldum við þrettándagleði með því að dansa í kringum jólatréð og syngja jóla- og álfasöngva um leið og við kveðjum jólin.

Á öskudaginn eru allir í búningum og málaðir, kötturinn sleginn úr tunnunni, slegið upp balli og elstu börnin eru með pylsusjoppu.

Á þorranum höldum við þorrablót í hádegi með þeim þjóðlega mat sem nauðsynlegur þykir.

Útskrift elstu barna skólans er í lok maí eða byrjun júní. Þá koma þau seinni part í skólann og eiga góða stund með kennurum sínum, búa til pitsu, fara í ratleik og skemmtilegheit.

Haldið er upp á afmælisdag leikskólans sem er 16. júní með því að fara í skróðgöngu eftir fánahillingu. Ólympíuleikar barnanna eru haldnir að skróðgöngu lokinni á lóð efra húss og endað á að grilla pylsur og hafta gaman saman.

Veikindi.

Börn sem ekki eru fullfrísk ættu ekki að koma í leikskóla bæði vegna smithættu af einhverjum toga og til að reyna að draga úr vanlíðan barnanna því ekki er hægt að veita þeim sömu umönnun þar og heima.

Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1 - 2 sólahringa.

Lyfjagjafir á leikskólatíma ættu í flestum tilfellum að vera óþarfar, því aðeins í undantekningartilvikum þarf að gefa lyf oftar en 3svar á dag og þó að lyfið þurfi að gefa þrisvar þá skiptir ekki máli þótt rúmir 8 tímar líði á milli gjafa. Undantekningar á þessu gætu verið sykursýkis-, asma- og ofnæmislyf og hugsanlega lyf við ofvirkni. Í slíkum tilvikum þarf að fá skrifleg fyrirmæli frá lækni til að sýna kennurum.

Óhöpp og slys/tryggingar.

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og farið með barnið á slysadeild ef þörf er talin á. Í þeim tilvikum greiðir leikskólinn fyrir fyrstu heimsókn. Öll slys eða óhöpp eru skráð í leikskólanum. Innan skólans starfar teymi sem sækir reglulega skyndihjálparnámskeið og fer í gegnum viðbragðaáætlun ef slys verða. **Sjá nánar um tryggingar í skólasamningi.**

AÐ VERA Í SKÓLA ER EKKI UNDIRBÚNINGUR UNDIR LÍFIÐ, ÞAÐ ER

LÍFIÐ.(John Dewey)

Lokaorð.

Tilgangurinn með þessari foreldrahandbóka er að upplýsa foreldra og forráðamenn barna sem allra best um allt það er lýtur að leikskólanum. Munnlegar upplýsingar í miklum mæli eiga það til að gleymast og mikilvægt er að rifja upp annað slagið. Vel upplýstir foreldrar eru betur í stakk búnir til að láta í ljós skoðanir sínar um það sem þurfa þykir og við sem störfum í leikskólanum höfum þörf fyrir að fá að heyra hvort sem er last eða lof. Hagur barnanna er það sem við höfum að leiðarljósi. Okkur þætti því vænt um að þið hefðuð samband við okkur ef þið viljið koma einhverju á framfæri eða þurfið að ræða.

Með ósk um ánægjuleg samskipti.

Góðar stundir,

Drífa Þórarinsdóttir skólastjóri

Áslaug Á. Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri

HVAÐ UNGUR NEMUR, GAMALL TEMUR